



Verðkönnun vegna eftirlits og mælinga

Yfirlit verks

Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109 sendir hér með verðkönnun vegna eftirlits og innmælinga fyrir nýja íbúðabyggð vestan við Skólabraut á Borg í Grímsnesi. Um er að ræða daglegt eftirlit, kostnaðareftirlit, umsjón verkfunda, eftirlitsmælingar, eftirlit uppgjors og framvindureikninga, startfunda, gerð skilagreinar til verkkaupa í lok verks, lokaúttektar og innmælingar lagnakerfis ásamt umsjón grunna í tengslum við innmælingar í samræmi við útboðsgögn vegna verkframkvæmdar, sjá viðhengi.

Verðkönnun er send á eftirfarandi aðila:

- Verkís
- Eflu
- Mannvit

Gert er ráð fyrir framkvæmdatíma frá 1. desember 2023 til september 2024 eða loka verks. Skila skal inn tímagjaldi eftirlitsmanns og mælingamanns m.v. áætlaða tíma magnskrár. Umfram tímar vegna verks skulu vera á sama tímagjaldi. Innifela skal í töxtum akstur, gjald mælitækis og allt það sem þarf til að sinna verkinu skv. þessari verðfyrirspurn og meðfylgjandi útboðsgögnum. Umsjónarmaður verkeftirlits skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa reynslu af sambærilegum verkefnum.

Tímafrestir

Skila þarf inn verðum með tölvupósti fyrir kl. 14 n.k. föstudag 24. nóvember 2023. Ekki verður formleg opnun á tilboðum en tekið saman minnisblað á tilboðum sem sent verður á bjóðendum eftir yfirferð. Farið verður með einingarverð sem trúnaðarmál. Fylla skal út liðið 1.1 og 1.2 í magntöluskrá. Hafi bjóðandi fyrirspurnir varðandi verðfyrirspurn þessa skulu þær sendar á ragnar@gogg.is og verður þeim svarað eigi síðar en 2 dögum fyrir skilafrest tilboða. Svör við fyrirspurnum verða birt í tölvupósti sem sendur verður á alla sem fengu verðfyrirspurnina senda í upphafi. Tekið verður tillit til heildarverðs við vali á tilboði.

Skila skal inn magntöluskrá með einingarverðum. Einingarverð skulu innifela virðisaukaskatt.

Verklýsing

1.1 Verkeftirlitsmaður

Verkeftirlitsmaður skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur með reynslu af sambærilegum verkum. Verkeftirlitsmaður skal sinna daglegu eftirliti með verkinu þegar þörf er á, halda utan um verkframvindu, kostnaðareftirlit, umsjón verkfunda, eftirlitsmælingar, yfirfara og samþykkja uppgjors og framvindureikninga og framkvæmda lokaúttekt og skila inn greinargerð um verkið í lok verks.

Eining: klst.

1.2 Mælingar

Mælingamaður skal sjá um allar innmælingar lagnakerfa í verkinu í samræmi við útboðsgögn og þá tímafresti sem þar koma fram. Mælingamaður skal halda utan um grunna lagnakerfis fyrir



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

verkið og skila verkkaupa gögnum á Autocad formi í lok verks. Innmælingar skulu fylgja LAV-115 innmælingaleiðbeiningum Veitna.

Eining: klst.

Ragnar Guðmundsson